

FORSETAÚRSKURÐUR um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, og laga um Stjórnarráð Íslands, skiptist Stjórnarráð Íslands í ráðuneyti sem hér segir:

1. forsætisráðuneyti,
2. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti,
3. fjármála- og efnahagsráðuneyti,
4. innanríkisráðuneyti,
5. mennta- og menningarmálaráðuneyti,
6. umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
7. utanríkisráðuneyti,
8. velferðarráðuneyti.

Úrskurður þessi öðlast gildi 4. september 2012. Frá sama tíma falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Gjört á Bessastöðum, 4. júlí 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.